



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 8. apríl 2022
MÍ202203-0103/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Vesturbyggð. Fjósadalur. Tillaga að deiliskipulagi flokkunarsvæðis

Með tölvupósti, dagsettu 22. mars 2022 óskaði Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi flokkunarsvæðis. Deiliskipulagssvæðið er um 0,5 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir að koma fyrir sorpflokkunarstöð fyrir almenning. Svæðið er staðsett neðst í Fjósadal.

Fornleifaskráning vegna fyrri framkvæmdir var gerð 2000 sem náði yfir það svæði sem verið er að fjalla um (Orri Vésteinsson 2000. *Fornleifakönnun. Sorpbrennsla á Patreksfirði*. Fornleifastofnun Íslands FS115-00021).

Þar segir: „Örnefnið **Fjósadalur** (BA-158 :020) bendir til að fjós, sennilega geldneytafjós, hafi verið á þessu svæði. Ekki er nú vitað um neinar byggingaleifar sem þessu gætu tengst en líklegast byggingarstæði verður að telja þar sem nú standa hestús vestan við Fjósadalsá. Einnig er mögulegt að fjós gætu hafa staðið á grundunum austan við gryffuna en þar sjást engin merki um slíkt.“

Minjastofnun Íslands gerir þarafleiðandi ekki athugasemdir við fyrirhugað skipulag.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi (oskar@landmotun.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til vðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.